

## Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með síðari breytingum

Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri  
Björn Þorsteinsson, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri

Undirrituð fagna framkomnu frumvarpi sem við teljum löngu tímabært. Við styðjum heilshugar megindrætti frumvarpsins, en teljum mikilvægt að breyta nokkrum atriðum í frumvarpinu ein og það liggur nú fyrir:

### 1. Frumvarpið gengur ekki nógu langt

Fyrir 5 árum var lögum um búnaðarfræðslu breytt með stofnun Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Í aðdraganda þeirrar lagasetningar var mikið rætt um sameiningu Rala og Hvanneyrar en í endanlegri útgáfu búfræðslulaganna var Rala ekki tekið með. Við sem höfum starfað við LBH höfum fundið verulega fyrir því að sú stofnun var engan veginn sjálfbær og það var nokkuð ljóst frá fyrstu stundu að stofnun LBH hlaut að vera tímabundin ráðstöfun sem þyrfti endurskoðunar við. Okkur sýnist nú að með framkomnu frumvarpi sé enn ekki gengið nógu langt til að ná utan um þá starfsemi sem þarf að vera innan Landbúnaðarháskólans til að gera starfsemi hans sjálfbæra. Á verksvið Landbúnaðarháskólas er og á að vera kennsla í landnýtingu, skógrækt og landgræðslu en rannsóknasviðum þessara viðfangsefna er ekki ætlað að koma inn undir Landbúnaðarháskólann, heldur er ætlað að vera við aðrar stofnanir landbúnaðarins. Hér er átt við rannsóknasvið Landgræðslu ríkisins og Tilraunastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Það er alveg ljóst að misgengið sem hefur verið á milli rannsókna á þessum sviðum annarsvegar og uppbygging kennslu á þessum sviðum hins vegar hefur verulega staðið þróun þessarra greina innan LBH fyrir þrifum kemur til með að standa þróun þessarra greina einnig fyrir þrifum innan nýrrar stofnunar Landbúnaðarháskóla Íslands. Bent er á að þessar greinar eru nýr vaxtarbroddur Landbúnaðarháskólans og því mikilvægt að hlúa sérstaklega að honum.

### 2. Verksvið Landbúnaðarháskóla Íslands

Í núverandi lögum um búnaðarfræðslu er í 21. gr. Skilgreining á verksviði LBH. Í þeirri grein er verksvið háskólans skilgreint sem “vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veiti nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun á sviði búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað.” (feitletrun okkar). Í 5. gr. frumvarpsins er einungis gert ráð fyrir að breyta orðalagi þessarrar greinar með tilliti til nafns stofnunarinnar en ekki verksviðs. Í ljósi þróunar stofnunarinnar síðustu árin, þar sem vægi fagþátta innan stofnunarinnar hefur breyst verulega og vaxtarbroddar stofnunarinnar hafa verið á öðrum sviðum en hreinum búfræði/landbúnaðar þá er þörf á að endurskoða 21. gr. núverandi búfræðslulaga. Í systurstofnunum Landbúnaðarháskólans á Norðurlöndum og sambærilegum stofnunum bæði vestan hafs og austan hefur þróunin á undanförunum áratugum verið sú að kennsla og rannsóknir á háskólastigi í hefðbundnum landbúnaði hefur hlutfallslega minnkað en kennsla og rannsóknir í “græna geiranum” umhverfismálum og landnýtingu í víðum skilningi unnið á. Þetta hefur einnig verið reynslan á Hvanneyri og því mikilvægt að gera ráð fyrir þessari þróun í nýjum lögum. Það mun verða styrkur fyrir hefðbundnu landbúnaðargreinarnar að geta sótt sér styrk úr öðrum skyldum greinum náttúru-, umhverfis- og skipulagsfræða sem kenndar eru samhliða í skólanum.

### 3. Skipan háskólaráðs

Sú skipan háskólaráðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu á sér enga fyrirmynd við neina ríkisháskóla sem við þekkjum til (sjá meðfylgjandi samantekt). Hér verðum við að minna hver

hin alþjóðlega skilgreining á háskóla er og vísun í *Magna Charta Universitatum Bologna, Italy Frá 18 september 1988* – sjá meðfylgjandi. Í þessari samþykkt eru grundvallaratriði í eiginum háskóla þessi:

**Sjálfstæðar** stofnanir þar sem kennsla og rannsóknir fara saman.

Rannsóknir og kennsla hafi **fullkomið siðferðilegt og vísindalegt sjálfstæði** óháð pólitískum vindum hvers tíma.

Akademískt frelsi - stofnun **óháð hagsmunaaðilum**

Tillaga sú sem liggur fyrir í frumvarpinu um skipan háskólaráðsins gegur í berhögg við hugmyndir Bolonia samkomulagsins þar sem hagsmunaaðilum er gefið alvald í málefnum nýs háskóla. Við höfum fundið verulega fyrir því að erfiðlega hafi gengið að koma hugmyndafræði háskóla inn hjá núverandi háskólastofnun LBH frá stofnun hennar og hafa þeir sem hafa gert kröfu um faglega vinnu í anda háskólastofnunar verulega rekist á vegg á undanförunum árum. Stóri vandi LBH frá stofnun hans hefur einmitt verið sá að hann sprettur upp úr framhaldsskóla (með lítilli framhaldsdeild á háskólastigi) en stjórnun framhaldsskóla lýtur allt öðrum lögmálum en stjórnun háskóla. Sá ágreiningur sem hefur verið innan veggja stofnunarinnar hefur falist í árekstrum milli þeirra starfsmanna sem eru faglega og stjórnsýslulega uppaldir við aðrar innlendar og erlendar háskólastofnanir, sumir til áratuga, og hinna sem eru uppaldir innan veggja hins gamla Bændaskóla. Þannig hefur aldrei tekist að breyta innviðum framhaldsskólans til háskóla og skipan háskólaráðsins við nýjan Landbúnaðarháskóla Íslands gefur ekki væntingar um að á þessu verði nokkur breyting þar sem ekki er tryggt að nokkur aðili innan ráðsins þurfi að hafa akademíska þekkingu á því fyrirbæri sem háskóli er. Forsenda þess að háskólaráð geti starfað að viti er að í því sé raunverulegur skilningur og þekking á forsendum háskóla rekstrar og háskólastarfi. Það er því einlæg von okkar að frumvarpinu verði breytt og aðkoma starfsmanna og stúdenta verði tryggð að ráðinu þannig að hvor hópur hafi amk 20-30% hlutdeild í því.

*Yfirlit yfir samsetningu – fjölda fulltrúa (% hlutföll í sviga) háskólaráða HÍ og Landbúnaðarháskóla dana (KVL), norðmanna (NLH) og svía (SLU)*

Skóli	Fjöldi í stjórn	Úr þjóðlífinu	Starfslið*	Stúdentar
KVL	9	5 (56)	2 (22)	2 (22)
NLH	11	4 (36)	5 (45)	2 (19)
SLU	16	8 (50)	5 (31)	3 (19)
HÍ	11	2 (18)	7 (67)	2 (18)
Landb.HÍ (frumvarp)	7	7 (100)	0 (0)	0 (0)

\*Hér er yfirlitt um að ræða prófessora (háskólakennara) eða blöndu af prófessorum og stjórnssýslufulltrúum viðkomandi skóla. Rektor á ekki sæti í stjórn KVL en í öllum hinum stjórnunum.

Að lokum ítrekum við ánægju okkar með framkomið frumvarp að öðru leyti en því sem athugasemdir eru gerðar við hér að ofan.

Virðingarfyllt

Anna Guðrún Þórhallsdóttir  
Björn Þorsteinsson

# Núverandi stjórnir norrænu Landbúnaðarháskólanna (apríl 2004)

## Danski Landbúnaðarháskólinn KVL -stjórn

- 1) Erik Bonnerup, Direktør, cand.scient. , er KVL's første bestyrelsesformand.
- 2) Forskningschef Lene Lange, Novozymes A/S
- 3) Professor Søren Alexandersen, Pirbright Laboratory, Institute for Animal Health, UK
- 4) Gårdejer Henrik Høegh, Landbrugsrådet
- 5) Adm. direktør Helle Ulrichsen, Hovedstadens Sygehusfællesskab
- 6) Dyrlægestuderende Emil Olsen, Landbohøjskolen
- 7) Dyrlægestuderende Ann Britt Bang Jensen, Landbohøjskolen
- 8) Kontorfuldmægtig Karen Meyn Christensen, Landbohøjskolen
- 9) Professor, dr. agro. Jan K. Schjørring, Landbohøjskolen

## Norski Landbúnaðarháskólinn NLH -stjórn

- 1) Rektor Knut Hove
- 2) Prorektor Anne Marte Tronsmo
- 3) Professor Anne Katrine Geelmuyden
- 4) Professor Birger Solberg
- 5) Led.forskn.tekn. Idun Bratberg
- 6) Student Ingvill Stenseth
- 7) Student Anders Korvald

### Eksterne medlemmer:

- 8) Seniorrådgiver Anne Sæterdal - NINA/NIKU
- 9) Reginalbanksjef Sigvart Hovland - Nordea
- 10) Rådgiver Terje Johansen
- 11) Direktør Kristina Landsverk - Mattilsynet

## Sænski landbúnaðarháskólinn - SLU Stjórn

- 1) Lars-Erik Edqvist **Ordförande:** Professor, klinisk kemi
  - 2) Ann-Christin Bylund **Vice ordförande** Rektor
  - 3) Per Jennische **Sekreterare:** Avdelningsdirektör
  - 4) Inge Carlsson F. d. riksdagsled. (s)
  - 5) Désirée Edmar Fil. lic.
  - 6) Caroline Hagström F. d. riksdagsled. (kd)
  - 7) Marie-Louise Rönnmark Kommunalråd (s) Umeå
  - 8) Monika Stridsman Länsjägmästare Skogsvårdsstyrelsen Mälardalen
  - 9) Lena Söderberg VD för KRAV
  - 10) Stefan Wirtén Direktör Skogsindustrierna
  - 11) Ingvar Åhrén Programchef Sydsamiskt center
- Företrädare för lärare och forskare:**
- 12) Maj-Britt Johansson Professor
  - 13) Ulla Bång Statsagronom
- Studeranderepresentanter:**
- 14) Magnus Holmberg SLUSS-ordförande
  - 15) Johanna Sjöberg Doktorand
  - 16) Henrik Sandström Jägmästarstud.
- 



# Magna Charta Universitatum

## Bologna, Italy

### September 18, 1988

#### PREAMBLE

The undersigned Rectors of European Universities, gathered in Bologna for the ninth centenary of the oldest University in Europe, four years before the definitive abolition of boundaries between the countries of the European Community; looking forward to far-reaching co-operation between all European nations and believing that peoples and States should become more than ever aware of the part that universities will be called upon to play in a changing and increasingly international society, Consider:

- 1) that at the approaching end of this millennium the future of mankind depends, largely on cultural, scientific and technical development; and that this is built up in centres of culture, knowledge and research as represented by true universities;
- 2) that the universities' task of spreading knowledge among the younger generations implies that, in today's world, they must also serve society as a whole; and that the cultural, social and economic future of society requires, in particular, a considerable investment in continuing education;
- 3) that universities must give future generations education and training that will teach them, and through them others, to respect the great harmonies of their natural environment and of life itself

The undersigned Rectors of European universities proclaim to all States and to the conscience of all nations the fundamental principles which must, now and always, support the vocation of universities.

#### FUNDAMENTAL PRINCIPLES

1. The university is an autonomous institution at the heart of societies differently organized because of geography and historical heritage; it produces, examines, appraises and hands down culture by research and teaching. To meet the needs of the world around it, its research and teaching must be morally and intellectually independent of all political authority and intellectually independent of all political authority and economic power.
2. Teaching and research in universities must be inseparable if their tuition is not to lag behind changing needs, the demands of society, and advances in scientific knowledge.

3. Freedom in research and training is the fundamental principle of university life, and governments and universities, each as far as in them lies, must ensure respect for this fundamental requirement. Rejecting intolerance and always open to dialogue, the university is an ideal meeting-ground for teachers capable of imparting their knowledge and well equipped to develop it by research and innovation and students entitled, able and willing to enrich their minds with that knowledge.

4. A university is the trustee of the European humanist tradition; its constant care is to attain universal knowledge; to fulfil its vocation it transcends geographical and political frontiers, and affirms the vital need for different cultures to know and influence each other.

#### THE MEANS

To attain these goals by following such principles calls for effective means, suitable to present conditions.

1. To preserve freedom in research and teaching, the instruments appropriate to realize that freedom must be made available to all members of the university community.
2. Recruitment of teachers, and regulation of their status, must obey the principle that research is inseparable from teaching.
3. Each university must - with due allowance for particular circumstances - ensure that its students' freedoms are safeguarded and that they enjoy conditions in which they can acquire the culture and training which it is their purpose to possess.
4. Universities - particularly in Europe - regard the mutual exchange of information and documentation, and frequent joint projects for the advancement of learning, as essential to the steady progress of knowledge. Therefore, as in the earliest years of their history, they encourage mobility among teachers and students; furthermore, they consider a general policy of equivalent status, titles, examinations (without prejudice to national diplomas) and award of scholarships essential to the fulfilment of their mission in the conditions prevailing today. The undersigned Rectors, on behalf of their Universities, undertake to do everything in their power to encourage each State, as well as the supranational organizations concerned, to mould their policy sedulously on this Magna Charta, which expresses the universities' unanimous desire freely determined and declared.